

Lára Martin og Lilja Steingrímsdóttir
2005

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

DVCAM 148, 149

© Krumma films ehf.

DV 148

Lilja Steingrimsdóttir: Ertu ertu byrjuð?

HG: Já.

Lára Martin: Jæja.

LS: Hvað varstu að segja, tveir dagar þangað til að það eru 22 dagar, nei ekki dagar, ár.

LM: 22 ár.

LS: 22 ár frá því að viðtalið kom í Helgarpóstinum.

LM: Átjándi febrúar.

LS: Já átjándi? Já það er sextándi í dag.

LM: '83 og manstu eftir því, Ómar Valdemarsson, hann hringdi nú í mig þarna á barnaheimilið þar sem ég var að vinna og ég hélt hann væri að vinna hjá Vísi eða dagblaðinu eða eitthvað svoleiðis og ætlaði nú ekki að láta taka viðtal við það subbutímarit. Treysti því engan veginn sko. Hringdi bara í þig. Sagðist ætla að hringja í þig á fasteignasöluna.

LS: Já á fasteignasöluna.

LM: Og þar ræddum við góða stund um svona, reyndum aðeins að sjá inní sko framtíðina hvernig viðbrögð fjölskyldu okkar yrði. Manstu eftir því? Þú varst aðeins að tala um mömmu þína eða eitthvað svoleiðis, ég man ekki alveg hvernig þetta var. En það var alveg bara strax ákveðið í þessu fyrsta samtali að við gerðum þetta.

LS: Já já og valið stóð á milli þess að vera undir nafni eða ekki undir nafni og þar af leiðandi ekki í mynd.

Svona fólk

LM: Já hann bauð okkur það hann Ómar. Eftir að við komumst að því að hann var hjá Helgarpóstinum þá gáfum við grænt ljós.

LS: Og líka hann, hann var náttúrulega svo góður gæi sko.

LM: Já hann var það, en bara það eitt að blaðamaður á vinsælasta svona helgartímariti hérna á Íslandi er að nálgast okkur með þennan efnivið og þetta, það sýnir það, eins og svo margt annað, að hann sem blaðamaður var með ákveðinn fingur á púlси þjóðarsálarinnar ef svo má segja. Vegna þess að við hefðum ekkert komið í þetta viðtal ef hann hefði ekki hringt í okkur. Við vorum ekkert: Við viljum koma í viðtal, við viljum vera stjórnur. Við viljum! Það var nú ekki beinlínis þannig.

LS: Ekki að okkar frumkvæði, en núna man ég það, það hefur ekki rifjast upp fyrir mér fyrr en núna að ég fór til foreldra minna áður og sagði þeim að ég ætlaði að gera þetta. Og það yrði nafn og það yrði mynd og af því að einhvern veginn þú veist eins og við höfum verið að ræða núna að síðast þegar við hittumst sko, að hérna þessi togstreita að brjótast undan þessu afli sem að hélt manni niðri eða fá að vera maður sjálfur, það þýddi náttúrulega það að við vorum að ryðja ákveðna braut. Það hafði ekki verið búið að birta viðtal við lesbíur undir nafni áður. Þetta var fyrsta sinn. Og ég allavega, ég held að maður hafi fundið til dálítillar ábyrgðar eða mér fannst það. Mér fannst sko, ef ég geri þetta þá geri ég þetta undir nafni og ég geri það af því að ég get gert mig sýnilega og ég þarf ekkert að skammast mín fyrir nokkurn skapaðan hlut. Ég er sú sem ég er og það var nákvæmlega það sem maður vildi alltaf fá bara eins og eðlilegan hlut en það var ekki þannig. Og hérna og þannig mynduðust náttúrulega konfliktar innan í manni sjálfum og verið erfiðara þegar upp er staðið en maður gerði sér grein fyrir af því að maður var bara í miðju... þar sem hlutirnir voru að gerast.

LM: Án þess kannski að gera sér grein fyrir því.

LS: Já, ég meina það. Undir meiri pressu eins og...

LM: ... hvirfilbyl, eða þú veist í svona hringiðu.

LS: Þetta voru aðrir tímar þá 1983.

LM: En gerðir þú þér grein fyrir að þetta yrði svona... Við fórum þarna, ég heimtaði að við færum bara þarna á prentsmiðjuna og færum yfir allar, við vorum með bara ótrúlega naskar á að láta ekki fara illa með okkur. Eða það yrði einhvers konar misnotkun á...

LS: Já já, sjá viðtalið og...

LM: ... allar millifyrirsagnir og hann hafði sagt: Megum við ekki nota kannski tilvísun á forsíðu manstu? Og kannski svona lítil mynd á forsíðu?

LS: Einmitt en það kom okkur náttúrulega á óvart hvernig þessu var stillt upp á forsíðunni: Lára og Lilja, konur sem elskast. Þetta var náttúrulega alveg bara: Jesús minn góður sko! Hvað er að ske? Þú veist af því að þetta var svona einhvern veginn svona líka eins og árás á manns einkalíf þó að við höfum náttúrulega gefið leyfi til þess að sem sagt það var tekið viðtal við okkur og við vildum það og nöfn og svona en þetta var samt. Þetta var dálítið áfall, ég meina fyrir svona hlédræga og hógværa manneskju eins og mig.

LM: Jú jú að sjálfsögðu.

LS: ... Og þig ha, þá var maður kominn á stað þar sem að mér fannst erfitt að vera á og maður átti erfitt með að standa undir þessum kröfum en vissulega voru þetta mál sem að brunnu á manni og hérna það var náttúrulega frábært strax á eftir og svo löngu seinna voru konur að koma til manns og segja sko: Guð, þetta var algert breakthrough fyrir mig og það skipti mig svo miklu máli að þið skylduð koma þarna í þetta viðtal undir nafni og þetta var bara frábært. Og það bara lyftir þessu upp í svona hæð, fyrir mig. Þó það hafi verið ákveðinn kostnaður sem að...

LM: Já já maður hérna þurfti að, það var ákveðin fórn sem var færð eins og í allri góðri baráttu. Ha? En svona eftir á að hyggja, mér fannst við vera dálítið borubrattar einhvern veginn. Við vorum eitthvað svo fullar af sjálfstrausti dálítið. Fannst þér það ekki? Og hvað heldurðu að hafi verið þarna? Við áttum náttúrulega ágætis vinahóp og

Svona fólk

þannig og Samtökin voru náttúrulega til og svona og höfðum kannski aðeins starfað með þeim og ég hafði farið aðeins út til Skandinavíu og svona, séð hvað væri komið áleiðis þar. Það var ýmislegt svona sem að gerði okkur sterkar. En myndirðu segja kannski fyrir okkur konurnar að það væri meira fyrir æ þú veist út af kvenna, útaf Rauðsokkunum eða...

LS: Ég hugsa að það hafi hjálpað sko að við vorum náttúrulega, að þegar við byrjum saman átján, nítján ára og ég hafði enga fyrirmynd. Þetta var algerlega nýtt fyrir mér þó að vissulega opnaðist ég sjálf fyrir sjálfri mér að þá var þetta bara svona leið sem ég vissi ekkert hvert myndi taka mig. Ég hafði enga fyrirmynd og auðvitað var þetta feimnismál sem maður var að reyna að komast í gegnum að vera maður sjálfur. En við höfðum við vorum að tengja okkur við feminista við vorum að búa okkur til sko svona þú veist það var tónlist það var til að byggja upp okkar svona veruleika á okkar hátt út frá okkar eigin smekk og okkar eigin þörfum og okkar eigin hugmyndum og ég meina Kvennalistinn var náttúrulega, það hét ekki Kvennalistinn það hét, hugsaðu þér það er svo langt síðan, en ég meina allavega þá var þetta bara borgarstjórnarflokkur og það svona, ég held að það hafi vissulega ýtt svolítið á eftir því að svona styrkt okkur.

LM: Mér fannst það líka. Mér fannst þetta vera svona meira fyrir svona jafnréttisbaráttu og hvernig hún tengist sko hérna baráttu sko samkynhneigðra. Þetta er allt annað mannréttindadæmi fyrir konur en þetta er fyrir karla. Í sambandi við hvernig konur eru að berjast, lesbískar konur eru að berjast fyrir ekki bara fyrir kynferðisfrelsi sínu heldur líka jafnréttis á jafnréttisgeiranum sko.

LS: Já, maður getur í rauninni skoðað þetta svolítið á tvennan hátt. Ég hef kannski meiri tilhneigingu til að skoða þetta allt út frá sjálfri mér. Hvað var ég að upplifa, þótt sumt sé svona einhvern veginn grafið svolítið í gleysku og móðu en þá hef ég meiri tilhneigingu til að skoða söguna út frá sjálfri mér en vissulega er maður náttúrulega partur samt af stærra samhengi að það sem á undan var komið, og þar kemur kvennahreyfingin mikið inn og Samtökin voru stofnuð '78. En það sem maður hafði heyrt í sambandi við homma og lesbíur það var yfirleitt eitthvað bara niðrandi og svona psst psst psst og ekki þannig að fólk sko gengi upprétt um götur og væri

virðingarverðir borgarar og bara lifði eðlilegu lífi. Maður hafði ekki engar svona fyrirmyndir. Þannig að konurnar mörkuðu svolítið leiðina kannski.

LM: Þegar við vorum ekki brjálaðar í pólitík og þegar við vorum allsgáðar.

LS: Og ekki fullar og ekki...

LM: Nei, nei, bara lífsins gleði alltaf. Mikið að gerast í þjóðfélaginu. Sko manstu eftir því á Félagsstofnun stúdenta þegar Clapperclaws komu.

LS: Já ég man eftir því.

LM: Manstu það voru svona ákveðnir viðburðir í einmitt kvenréttindabaráttunni svona menningarviðburðir, svona skemmtilegir, sem kannski fóru framhjá mörgum en ekki okkur. Við vorum alltaf þar sem að hitinn var eða...

LS: Það var Clapperclaws og svo var önnur, svört kona, ég man eftir partíi á Skólastræti, þær voru með sýningu.

LM: Þær voru frá Suður Ameríku. Það var svona pólitískur, það var hérna Bólivar, eitthvað í þá átt og þar var Gunni og Björggi og Hanna Mæja, allt þetta lið. Við fórum í eitthvert geðveikt partí þarna eftir það. En það var einmitt svona í pólitíkinni og svo var bara orgían eftirá.

LS: Orgían? Ég hef misst af því.

LM: Misstirðu af henni? Æ æ æ. En þú nefnilega stundum áttir einmitt til að hverfa inn í einhver sund og ...

LS: Herbergi...

LM: Myrk sund...

LS: Nei, nei, láttu ekki svona. Þetta er ekki rétt.

Svona fólk

LM: Nei, ég er bara að stríða þér. Hérna af því sem við munum eftir. Við náttúrulega gerðum þessi hræðilegu mistök þegar við fórum utan skóla, að flytjast heim til þín í bílskúrin.

LS: Já það er akkúrat þetta sko. Maður er bæði að reyna að brjótast inn í eitthvað sjálfstæði en á sama tíma var ég bara svo ég tali nú bara fyrir mig persónulega, líka svo háð mínu fólki og mínum heimahögum eða foreldrum eða fjölskyldu þó að hún væri svona broguð og hérna veitti okkur kannski ekki alltaf auðvelda tíma þó að það, ég meina við fengum að vera þarna og fólk er náttúrulega alltaf að reyna að gera sitt besta á einhvern hátt. En þeirra viðhorf, ég meina pabbi var af einhverjum svona gömlum skóla og talandi um hann að þá er það náttúrulega nú kannski svona lýsandi fyrir það hvernig honum leið gagnvart þessu, að þegar að viðtalið kom í Helgarpóstinn þá keyrði pabbi í allar sjoppur í Reykjavík og nágrenni að kaupa Helgarpóstinn og reyndi að kaupa upp upplagið svo þetta bærisk nú ekki út til fólks.

LM: Ég hélt bara að við værum svona vinsælar.

LS: Ég held hann hafi sent bræður mína líka sko.

LM: Það er ekki furða að hann seldist upp.

LS: Já, já, þetta var algert met sko. En það sýnir svolítið hvernig staðan var.

LS: Og þá vorum við búnar að búa samt inni á Súðarvogi í tvö ár þegar þetta var, tvö eða þrjú ár. Og hérna svoleiðis sko að bæði var maður að reyna að finna sér einhvern farveg og vera sjálfstæður en á sama tíma var maður það ekki. Búast við einhverri viðurkenningu þar sem að...

LM: Þetta náttúrulega var mitt fyrsta samband við konu og þarna var maður einmitt sko eins og þú segir sko að opna sig fyrir sjálfum sér og öllum þeim möguleikum sem að maður vissi að væru til inni í sjálfum sér. Fyrst opnaði maður inni í sjálfum manni og þar með opnaðist allur heimurinn. Mér fannst allt verða mögulegt þegar þessi tenging var við hjartað og ástina að þá, maður umbreyttist algerlega og ég var bara

Svona fólk

svo ástfangin og glöð og mér fannst að við, að ekkert gæti stoppað okkur. Við gætum allt, við værum nógu klárar til þess, við sko nutum lífsins til hins ítrasta, við elskuðum tónlist.

LS: Já ég held að það hafi kannski líka verið ástæðan. Það var svo mikill okkar eigin heimur sem við bjuggum okkur til okkar eigin heim þar sem við vorum að rækta upp okkar áhugamál og kynnast alveg ótrúlega mikið af nýju fólki þannig að það var ekkert, sko ef maður hefði verið bara í lífsgæðakaplaupinu til dæmis eða þessu bara svona rólega og einfalda lífi sko, þá hefði maður kannski bara ósjálfrátt bara flutt og farið bara í þennan svona farveg en við vorum bara ekkert að pæla í því. Við vorum bara með hausinn fullan af einhverjum öðrum hugmyndum. Þannig að við vorum ekkert að hugsa, við erum þarna og það er í rauninni algerlega óhæft fyrir okkur en við ætluðum okkur að þú veist hérna, byggjast upp á svona stabíla vegu þá bara lifðum við svo hratt og í einhvern veginn okkar eigin...

LM: En það var líka svo skrítið sko að vera svona fullur bjartsýni og vonar og maður var kominn af stað í eitthvert rosalega spennandi ferðalag og maður sá alls ekki fyrir sér komandi atburði sko og að vissu leyti hafði það mikil áhrif á það að hversu vel við nutum lífsins auk þess að stundum plana ekki fyrirfram einhverja ákveðna hluti en það held ég að sé bara okkur eðlislægt því við erum báðar frekar, sko fórum svona meira í listaátt, skapandi átt heldur en einhverja bjúrókratíska átt sko þannig að við vorum ekkert ofsalega praktískar í sambandi við að plana ákveðna hluti. En það voru hlutir eigi að síður þarna þegar við bjuggum hjá foreldrum þínum...

LS: Í íbúð reyndar svo það komi nú fram, það er ekki eins og við hefðum búið uppi í hjá þeim eða...

LM: Nei, nei þarna í stúdíói þannig, nei bara það sem maður heyrði og meðal annars meðlimir í fjölskyldunni þinni spurðu mann og nálguðust mann, hvernig maður var spurður um hið allra mest persónulega í okkar lífi og ákveðnir hlutir sem að maður bara vissi ekki alveg hvernig maður átti að svara vegna þess að ekki færi ég að spyrja þabba þinn hvernig hann gerði það skilurðu, eða hvaða putta hann notaði og svoleiðis, þannig að maður var alltaf í svona léttu sjokki sko yfir hvað kemur næst, hvað kemur

næst. Og en það var svo, manstu eftir því? Það var svolítið viðhaldið í familíunni þinni að ég væri bara einhver norn. Allavega hjá einum.

LS: Já, það hefur kannski einhver einmitt upplifað það þannig. Þetta er náttúrulega mjög stór fjölskylda.

LM: Og pabbi þinn líka að sko ég hefði eiginlega bara komið og spilt þér.

LS: En ég er að hugsa það til dæmis núna sko að, maður er líka svolítið að reyna að analýsara hvað, hvernig manni leið og hvað var raunverulega að gerast á þessum tíma að þessi togstreita sko, mér fannst ég líka bera ábyrgð á ef að einhver úr minni fjölskyldu var ekki sanngjarn við þig, þá fannst mér eins og ég væri það ekki. Eins og ég bæri persónulega ábyrgð á, kallast náttúrulega í dag bara meðvirkni. Svona codependence, að það væri mér að kenna. Þú veist sektarkenndin hjá mér gagnvart þér jókst að sama skapi sko að ég bæri persónulega ábyrgð á því hvernig komið væri fram við þig og ég gat ekki ráðið við það því ég náttúrulega stjórnaði því ekki. Sem er náttúrulega bara staðreynd.

LM: Nei nei sko en þú fékkst ekki alveg sömu móttökur hjá minni fjölskyldu, ha? Það var bara fólk skotið í þér. Þetta var ekki alveg jafnt, ha? Nei nei en eftir á að hyggja, eftir þetta sem sagt að við vorum búnar, ég veit að ég fékk ákúrus sko frá minni familíu, hérna móðurfjölskyldunni sko, að hafa þurft að koma út fyrir henni sko hérna í fjölmiðli sko.

LS: Já, sko svona stærri, víðari fjölskyldu.

LM: Já og afhverju gæti ég ekki, því þá var fólk að, þetta var svo mikil, þetta var dálítið svona, hérna fiðrildaeffektinn hvað heitir það?

LS: Ég veit það ekki.

LM: Já já einmitt, það þessi áhrif, að sko og víða um land sko að fjölskyldumeðlimir voru: Er þetta ekki hún Lára dóttir hennar? Er þetta ekki frænka þín? og svo framvegis og fólk náttúrulega vissi ekkert því þetta var ennþá ekki og alls ekki

Svona fólk

eitthvað daglegt brauð sko að tala um lesbíur. Bara þetta orð. Og þessar frænkur mínar, allavega ein þeirra hún, einmitt ég hafði heyrt hana segja þegar ég var yngri sko og hún hafði verið í einhverju partíi og það hafði verið einhver kona sem snerti hana á lær, svolítið svona náíð og henni leið hún sagði svona var fyllt af ógeði, þú veist og ég man alltaf eftir þessu þannig að hérna það var nú alltaf sko, það er svo magnað sko hvað maður hefur einhvern veginn heyrt alveg ótrúlega ljóta hluti og hugsar já þetta verða mín örlög. Að verða bara einhver einmana, þú veist það er engin framtíð, við erum bara algjör utangarðs og fólk fyllist viðbjóði...

LS: Já eins og maður sé bara einhvern veginn sko þræll þessara hvata. Maður sé bara eitthvað hvatadýr sem að bara ræður ekki við hvatir sínar. [Sími hringir] Eigum við að svara í símann?

LM: ... þæla í því að þú sért lesbísk, jafnvel þó þú sért ekki að þæla í þessum orðum? Því þú varst sú sem tældir mig, þrátt fyrir allt.

LS: [LS Hlær] Var það, ekki man ég eftir því? Heyrðu. Ég hugsa að ég hafi nú bara verið svona sextán, fimmtán, sextán ára sko. Ég gerði mér náttúrulega enga grein fyrir því að þetta væri það sem væri að, því ég var náttúrulega að reyna að vera skotin í strákum sem ég hefði haft alveg ótrúlega mörg tækifæri sko. Og ég var skotin í strák, ofsalega yndislegum strák sem þú þekktir líka.

LM: Sem ég var skotin í úr Ísaksskóla. Sex ára bekk.

LS: Sem var yndislegur og það var einhvern veginn líka, ég man það voru svona vonbrigði að það skyldi ekki virka. Því ég vildi að það virkaði af því að mér fannst hann, þótti ofsalega vænt um hann. Hann hafði svo mikla mannkosti og bara einhvern veginn en það bara gekk ekki. En hérna, þannig að svo óx þessi spenna inni í mér og þörf fyrir einhverja lausn á mínu tilfinningalífi og ástarþrá skulum við segja.

LM: Já.

LS: ... Og hvort, ertu að spurja hvort ég hafi verið skotin í einhverjum stelpum?

LM: Já, eða hvernig svona þessi ástarþrá braust út? Birtingarmynd þessar ástarþráar.

LS: Ég sé það núna að ég var skotin í stelpu einu sinni í landsprófi, en ég gerði mér enga grein fyrir því. Hún gerði mig bara nervous, ég var bara nervous nálægt henni. Sá hana nú ekki oft. En hérna pældi svo ekki meira í því. Það var eina sem hafði svona áhrif á mig. Ég meina maður átti fullt af vinkonum og svona allar þessar stelpur sem ég hafði aldrei hugsað um eða neitt nema þessi eina hún hafði svona áhrif á mig og svo hitti ég þig og þú hafðir svona áhrif á mig. Og svo vitum við náttúrulega hvernig það fór.

LM: Hvernig manst þú eftir því?

LS: Sko málið var að ég var búin að vera skiptinemi í eitt ár eftir annan bekk í menntaskóla og hérna sko þar var strákur sem var skotinn í mér og hann var voða sætur og við vorum eitthvað að kyssast en mig langaði ekkert að vera með honum nema mér fannst hann skemmtilegur. Þannig að það var ekkert sem að kveikti í mér. Og svo voru svona hlutir í familíunni sko sem gera það að verkum að þegar ég kem heim þá var svolítið svona þungt. Ég var í skóla þarna fyrir áramót í þriðja bekk, svo bara langaði mig ekkert að vera í skóla, að ég varð utanskóla. Ákvað það bara, mér gengi ágætlega í skóla og ég gæti bara lært heima. Nennti ekki, bara gott að lúra á morgnana, svona líka góð við sjálfa mig og bara einhvern veginn hafði svo mikla þörf fyrir sjálfa mig. En þurfti að mæta einu sinni í viku í trúarbragðasögu sem ég hafði valið sem valgrein. Kristján Sigvalda manstu, kenndi okkur, um hérna allavega trúarbrögð. Og þá hitti ég þig og þú varst bara alveg eitthvað alveg nýtt fyrirbæri sem ég hafði bara aldrei, alveg bara nýtt náttúruafl.

LM: Bara ný gyðja í trúarbragðasögunni.

LS: Já þú varst ótrúlega spennandi og...

LM: Já, mér fannst það líka þegar ég sá þig. Það var svona ljós yfir þér þegar þú komst inn.

LS: Já þannig að við greinilega drógumst hvor að annari.

Svona fólk

LM: Já svo vorum við í astrologiu.

LS: Já astrologian. Ég svo sem vissi ekkert um astrologiu en ég kannski náttúrulega af því ég er svo áhrifagjörn að þegar þú byrjaðir að tala um astrologiu þá fannst mér eins og ég vissi eitthvað lítið um astrologiu.

LM: Þetta var bara osmósa sko, þú bara tókst þetta inn.

LS: Þetta var ótrúlega skemmtilegt fyrirbæri já og bara hentaði mér svo vel mér fannst gaman að öllu svona.

LM: Þú getur orðið þjóðarleiðtogi bara sko í gegnum osmósu.

LS: Get ég það? Takk. Það ætti kannski eftir nú fyrir mér að liggja einhvern tímann...

LM: Já.

LS: Af því að sko þetta er öðruvísi en ef maður hefði bara verið skotin í einhverjum strák. Þá kemur hitt bara svona áreynslulaust en þarna vissi maður að maður átti í vændum, allt það sem maður átti í vændum. Það var ekkert bara að manni yrði tekið opnum örmum. Mamma sagði: Guð fordæmir þig. Af því að það var náttúrulega það sem að hún þekkti. Auðvitað bara ótti í henni. Ég er ekki að ásaka hana, bara nota bene.

LM: Nei nei, þetta var dálítið mantra hjá henni. Ég man það núna.

LS: Það voru svona fyrstu viðbrögð...

LM: Hún var svona: Komiði inn að borða en Guð fordæmir ykkur! Elskurnar mínar, hvernig hafiði það en Guð fordæmir ykkur!

LS: ... gegn því sem hún hafði þekkt og trúað.

LM: Af því hún var svo góð, vantar ykkur þetta, komiði að borða. Guð fordæmir ykkur! Þannig að hún meinti þetta ekki beinlínis samt, og þótt hún hafi meint það þá var það kristin trú.

LS: Ja sko það var náttúrulega alveg á hreinu til hvers var ætlast af manni og við hverju var búist af manni skilurðu. Og það var ekki þetta. Það var bara nákvæmlega alveg á hreinu. Þessu var ekki búist við og þetta var ekki æskilegt en svona var þetta og það vissi maður að þýddi: Hvernig kemst ég í gegnum þetta? Og ég held því það er náttúrulega staðreynd að við hættum svo saman einhverjum nokkrum mánuðum eftir þetta viðtal að sko ef allt hefði verið eðlilegt. Ef okkar hefði beðið normal viðbrögð og normal líf eins og ef þú hefðir verið strákur og ég stelpa eða öfugt. Heitir það heterosexual já. Þá hefði maður haft tíma til að rækta sjálfan sig sko eða takast á við hluti en ég held, ég er ekki að segja að ég hafi ekki ræktað sjálfa mig en það er svo margt samt sem að var hérna erfitt á þessum tíma. Maður hafði ekki sömu, sama friðinn til þess að...

LM: Nei við þurftum að vera brautryðjendur eiginlega í öllu fyrir okkur sjálfar. Það var ekkert gert fyrir okkur.

LS: Og rækta hvora aðra bara á eðlilegan hátt það bara varð svolítið undir í þessu spili við að hafa, ég ímynda mér til dæmis hvernig sem allt hefði annars farið ég veit náttúrulega ekkert um það.

LM: Nei, nei en þar sem vissir fjölskyldumeðlimir hjá okkur báðum voru kannski erfiðir á einhverjum tíma, þá áttum við bara svo góða vini og það var svo mikið að gerast í listum, í pólitík á þessum árum.

LS: Þetta var rosalegur gerjunartími.

LM: Og við vorum alveg partur af þeirri stefnu og án þess að við vildum endilega fara í fararbroddi fyrir eða vera andlit einhverra nýrra kynslóða kvenna sem voru að koma út og vera fylgnar sjálfum sér í einu og öllu. Það var aldrei meiningin skilurðu. En þetta var bara tekið sem partur af baráttuandanum.

LS: Af því ég hef stundum hugsað sko að það er miklu nær mínu eðli að vera bara svona privat og það. Og ég hef rosalega, að verja mitt og vernda mitt og fá að vera í friði. Og svona mikið álag það er bara ekki gott fyrir mig og ég held að margir séu í raun ekkert ólíkir mér og á einhvern hátt bara leiðast út í að vera í einhverri baráttu eða víglínu eða þurfa einhvern veginn að berskjalda sig svona eða vera ber, eða hvað segir maður, úti á berangri, berskjaldaður já, að það er eitthvað sem lætur undan við það. Svo eyðir maður einhverjum tíma í það að reyna að finna út úr því hvað maður þarf að gera til að ná aftur í skottið á sjálfum sér. Þessu skotti sem að varð svolítið eftir þarna, einmitt, við vorum þarna Samtökin '78 svo komum við inn í það, hvað '81 förum við á okkar fyrsta fund.

LM: Einmitt en sko ég held, því ég hef áhuga á því sem kannski gerðist á milli okkar því það segir sig svolítið svona. Það er dálítið athyglisvert sko að þegar maður er að berjast á mörgum víglínum nú þú veist, það persónulega varð pólitískt. Okkar persónulega líf var orðið hápólitískt og við vorum orðnar dálítið aktífar á einhvern hátt í einhvern tíma og þar sem við vorum orðnir ákveðnir brautryðjendur eins og allir voru á þessum tíma sem voru að reyna að finna herna sitt eigið og finna sinn eigin farveg án þess að ljúga að sjálfum sér eru alltaf brautryðjendur á einhvern hátt. Það segir sér sjálft. Við í litlu samfélagi þar sem orðin sem við vorum kallaðar.

LS: Við vorum bara ungar og óreyndar algjörlega.

LM: Og það sem að jafnvel Oscar Wilde hafði skrifað rúmri öld, ja ekki rúmri öld, hann dó um 1900 þannig herna, en hann talar um ástina sem má ekki hvað nefna sjálfa sig, eða sem sagt the love that dares not speak its' name, að það væri ennþá svona, þannig var ástandið hjá okkur og við vorum svolítið ákveðnar að láta ekki setja okkur í einhverja herna dúfnakassa herna sko þú veist svona hólf í sambandi við hvað við myndum, jú ókei þótt fólk myndi vilja kalla okkur ákveðnum nöfnum. Kynvillingar.

LS: Já já, það var einmitt það sem það hét

LM: Eða þá lesbíur og öll þessi filósófía á bak við orðin og við náttúrulega fullar af innri hómófóbíu sjálfar, af því að við kunnum ekki annað. Við erum alin upp í hómófóbísku samfélagi og allir í sömu osmósunni að þá vorum við samt svolítið

ákveðnar og ókei jú meðvitaðar um það að: Við skulum kalla okkur lesbíur en við erum miklu meira en það. Og orð jú það er hægt að nota það pólitískt, það er hægt að nota það í ghattói til að búa til óvin eða vin og svo framvegis og framvegis og pólitíkin á bak við orð skiptir svo rosalega miklu máli. Og ég man það að það tók mig mörg ár að venjast því allt í einu að ég var bara Lára, kannski einhver svona strákastelpa en að vera lesbía. Það tók langan tíma að þvo alla drulluna af því orði sko.

LS: Nákvæmlega sko.

DV 149

LM: Það er hérna hinn frægi astrologer Dane Rudiar hann segir að þegar þjóðfélag hefur valið sér sinn symbolisma þá tekur það margar aldir fyrir það að skipta um mýtu, um symbol og jafnvel og þess vegna er alltaf hérna ákveðinn sko fjöldinn, þjóðfélags eða hérna þjóðarsálin er alltaf dálítið á undan hérna svona því sem á sér stað í kerfinu. Kerfið það tekur það lengri tíma að breytast. Og ég man eftir því þegar ég vann þarna á Silungapólli þarna sem var nú...

LS: SÁÁ.

LM: ... já SÁÁ rak þarna meðferðarstofnun og Þórarinn Tyrfingsson lækni, að þá var einmitt, voru þarna tveir aðilar sem ég vissi að einn var hommi og ein lesbísk í meðferð. Og það var ljóst, það er bara þessi gaydar hérna að við strax bara sáum hvort annað og vissum strax bara alveg hvernig landið liggi. Og þau kvörtuðu sáran yfir því og voru mjög reið og hnuggin yfir því að hluti af meðferðinni, sko þeim var hreinlega sagt að það og hún sagði þetta konan að, og hún sagði: Ég segi þeim bara sannleikann, ég er lesbísk og hef alltaf verið lesbísk frá því að ég man eftir mér og löngu áður en ég byrja að drekka áfengi eða rugla í einhverju dópi og hún segir þetta við þau og þau segja: Það er bara ekki svona gæskan. Þinn lesbianismi er bara partur af ruglinu. Bara partur af alkóhól, af drykkjunni. Og þetta er alveg viðhaft þarna, þetta er '81, tvö og þessu viðhaldið í heilsugeiranum og tekið þannig á okkur og ef við þyrftum að fara inn og leita til þessara stofnana þá var okkur tekið með þessum kuldalegu, ha móttökum.

Svona fólk

LS: Já maður myndi nú ætla að það væri ekki svona í dag.

LM: En það er bara, ég held það sé ekkert svo langt síðan.

LS: Nei, nei í sjálfu sér er þetta mjög stutt.

LM: Af því að svo, ég veit að árið '87 var þetta ennþá viðhaft í heilsugeiranum að á Kleppi til dæmis að það væri bara, fólk var bara. Ég vissi um stúlku sem var sett á Klepp fyrir það eitt að vera...

LS: Hver setti hana á Klepp?

LM: Fjölskyldan hennar. Og hætti öllum stuðningi til þess að mennta hana og hún hefur kannski aldrei borið sitt barr síðan en þetta, stofnanir þær hafa eyðilagt mörg líf og það að íslenskt þjóðfélag hafi á bara kannski fimmtán árum tekið sér þvílíkt tak og hreinsað svo vel til, hlustað á þegna sína og tekið mið af réttindabaráttu okkar á svo ötulan hátt að það er bara til einstaks sóma held ég. Mér finnst það bara svo stórkostlegt.

LS: Náttúrulega kosturinn við það að búa í svona litlu samfélagi. Hlutirnir geta líka gerst svo hratt. Loksins þegar eitthvað gerist þá getur það gerst svo hratt.

LM: Alveg ótrúlegt og það kannski...

LS: En ég held samt að vissulega hlýtur það að vera dálítið auðveldara í dag að uppgötva það að maður er hommi og lesbía. Bæði af því að maður gerir ráð fyrir því að fólk er yngra og á þá foreldra sem eru fæddir ja á öðrum tímum en foreldrar okkar til dæmis eða foreldrar mínir náttúrulega. Talsvert eldri en foreldrar þínir líka. En bara það sé auðveldara, maður skyldi ætla það en auðvitað er það samt örugglega ekki komið í það far að það fylgi þessu ekki einhver innri togstreita og það séu svona, ég get ekki ímyndað mér það að þetta sé orðið svo bara að ekkert mál í dag en það er orðið örugglega miklu auðveldara en það var.

LM: ... Heterosexual þá ertu...

LS: Já ég meina þetta er svona, litar okkar veruleika og svo er líka svolítið sko svona áhugavert hvað við eigum sameiginlegt. Hvað þetta hefur líka gefið okkur. Hvað það hefur gefið mér fyrir utan það sko þessa lífssögu, alveg frá því maður var nítján ára að þá kem ég út úr skápnum með þér og síðan hefur það verið mín saga svona að stærstum hluta. En það er líka hvað það gefur manni að vera hluti af svona hópi sem að er minnihlutahópur. Ég held að það megi ekki sko gleyma því að það megi ekki gleyma því að það hefur líka gefið manni styrk. Mér finnst það. Það er í rauninni ómetanlegt, finnst mér, að hafa þurft að taka persónulegt skref og velja fyrir mig að það er líka auðveldara næst. Að standa á sínum rétti, þú veist spyrja spurninga og vera gagnrýninn og eða svona vilja hafa, er þetta það sem á raunverulega að vera að gerast eða þannig að það getur hafa sko, þó það hafi verið álag og svona persónulega svona álag á vissum tímum þá hefur þetta líka svona skerpt svona persónustyrkinn. Ég held það.

LM: Já skerpt einmitt og styrkt.

LS: Og það að vera hluti af svona, ég meina mér þykir rosalega vænt um þetta er svona eins og fjölskylda á vissan hátt. Þetta er fólk sem maður er búinn að vera að fylgjast með og vera samferða í langan tíma af því maður hittist ekki mjög oft sko og svona þá er þarna taugar sem að mér finnst þykir rosalega vænt um. Mér þykir vænt um það, skilurðu. Sem ég er ekki viss um að mér hefði fundist ef ég hefði gengið í einhvern stjórnmálaflokk...

LM: Eða í Oddfellow.

LS: ... og kynnst einhverju fólki ókei. Þetta er svolítið eins og að hafa gengið í gegnum sameiginlegan háska, eða þú veist fólk sem að er að glíma við það sama. Þetta er svona ákveðin glíma. En á mjög persónulegum sko, ja mér þykir þetta hafa sko alveg ómetanlega mótað mig á mjög margan, þú veist að vera lesbía, þurfa, að hafa gengið í gegnum það sem ég hef gengið í gegnum.

LM: Manstu ekki þegar kom í viðtalinu, ég man ekki hvor okkar sagði þetta, þú eða ég, í viðtalinu að þegar spurningin kom um val, hvort það væri valkostur, þú veist að við veldum okkur að vera með konum frekar en karlmanni af því að þetta var alltaf svolítið svona svolítið heitt í umræðunni og notað gegn sérstaklega hommum, að ef þetta væri val sko útfrá hinu kristna sjónarmiði, væri það þá synd? Að velja ef það væri val að velja þessa homosexual leið, það væri þá synd. En ég bara veit af svo mörgum konum sem eru mjög sem sagt bísexual og jafnvel njóta meira kynlífs með konum en körlum en hafa samt valið sér að vera með körlum og ég er ekkert viss um að það sé kannski jafn auðvelt fyrir karla að gera það ef þeir gera það að velja.

LS: Ég veit það ekki.

LM: En ég veit að það er allavega prósentu af okkur sem getur engan veginn valið. Þá er það bara, ef við tölum, hvort sem sé að marka Kinsey-skalan eða ekki, en ef eihver er svona skali, svona hommaskali og heteroskali og ef hetero er núll og hómosexual er sex þá eru flestir þarna einhvers staðar í miðjunni sko. En ég mundi segja að ég væri svona fjórir og hálfur til fimm. Ég er ekki sex en ég hef hitt svona karla sem eru alveg sex. Það er bara ekkert annað og það er ekkert val. Hvar ert þú?

LS: Mér finnst þetta svolítið erfið spurning af því að sko, því maður getur eiginlega ekki sagt sko, ef við hefðum til dæmis ekki hist og mér hefði til dæmis liðið einhvern veginn öðruvísi, ég meina það hefði ekkert breytt því að ég hefði verið lesbísk en hvort ég hefði, hvenær ég hefði komið út úr skápnum, hvort ég hefði verið búin að vera í einhverju langtímasambandi við karlmann. Af því að ég taldi mér trú um að þannig ætti það að vera og kannski ágætis náungi og svo hefði maður kannski eignast barn og maður veit ekkert um það og farið bara einhverja leið og svo áttað sig á þessu um þrítugt eða fertugt eða ekki getað meir sko. Ég held að margar konur séu í hjónaböndum sko og án þess að vita nokkuð um það. Eða að mér, þú veist þetta er bara. En ég held eins og þú ert að segja sko að geta ekki valið, að það séu bara sumir í þessum sporum að það sé bæði sem kemur til greina og geta kannski ekki alveg áttað sig á því hvort kemur meira til greina af því að þetta er líka svo persónulegt. Hver er það sem að, þetta er svo persónubundið eitthvað.

LM: En finnst þér þá ekki eins og það hafi ótrúlega mikið opnast? Þú veist bara möguleikarnir fyrir konur ef þær eru, sérstaklega því þetta er svo sýnilegt í dag. Fordómarnir eru hverfandi þótt þeir séu og verða alltaf.

LS: Svo eru nú náttúrulega þessar ungu stelpur. Þetta er alveg bara, rosalega mikið af ungu fólki sem er bara opið og algerlega frjálst með sitt að manni sýnist. Og svo eru náttúrulega fullt af konum að koma út úr skápnum sem eru búnar að vera í hjónaböndum og vilja bara breyta lífi sínu. Þannig að það eru ýmis teikn á lofti um að þetta sé nú frekar hvetjandi andrúmsloft hér.

LM: En það er líka talað um fæðina á Íslandi. Talandi þá um karlkynið að sko frá upphafi þá hef ég alltaf átt alveg frábæra karlvini sem er sko ekki til í einhverjar svona karlrembur. Þeir eru meira svona af eldri gerðinni allavega í mínum vinahóp sem að eru kannski gamaldags að vera með svona vissa kvenfyrirlitningu. Þeir myndu aldrei viðurkenna það en að konur eru ekki alveg eins gáfaðar og karlmenn og svo framvegis það er svolítið þessi eldri kynslóð af hommum þá aðallega. En jafnaldrar mínir og vinir straight karlmenn sem hafa ekki snefil af fordómum í sér. Og ég hef verið að læra í Bandaríkjunum þarna úti og verið þarna úti í tíu ár, þetta er svo ólík manngerð, amerísk karldýr eru eitthvað svo stórkostlega kynbundin. Bundin einhverri hugmynd um hvað karlmaður eigi að vera á meðan mér finnst karlmenn á Íslandi leyfa sér alveg að vera manneskjur þú veist í öllum regnbogans litum og vera bara djúpar persónur og sálir. Þannig að sko ég hefði kannski ekki hitt þig þá hefði kannski næst besti kostur verið einhver yndislegur maður sem hefur skilurðu höfðað til mín og ég hefði kannski þá bara þurft að fantasera um eitthvað sexí konur sko af og til. Hver veit?

LS: Maður veit ekkert um það. En allavega, ég held að þegar maður er búinn að velja á annað borð að þá er ekkert aftur snúið. Það er náttúrulega það sem skiptir máli fyrir mig að það var ekkert hægt að snúa við. Að hætta við.

LM: Enda Lilja mín, ef þú gerðir það núna, fréttist núna að þú værir komin með karlmann þá mundi nú fjölskyldan þín gamla, kannski myndi hún útskúfa þér því það er nú stutt í það.

LS: Maður yrði nú ekki tekinn mjög trúanlega sko. En það er líka þæling út af fyrir sig sko að þær konur sem að hafa, eftir að hafa verið í samböndum við konur og verið vitað að þær væru lesbíur og allir já, nokkrar hafa farið að vera með körlum og bara gift sig og svona. Það myndast svolítið svona skrítn umræða í kringum þessar konur. Þær eru, hefurðu ekki upplifað það? Þær eiginlega missa algerlega trúverðugleikann, í fyrsta lagi trúir enginn að þær séu í raun og veru hrifnar af þessum mönnum. Hvað er í gangi? Af hverju? Var svona mikið álag að vera lesbía?

LM: Já, en er þetta ekki svona fasistahugsunarháttur?

LS: Jú, auðvitað er það það. Eins og fólk geti ekki valið. En ég hef upplifað og líka fundið það með sjálfri mér, svona sem fyrstu viðbrögð sko að tortryggja það, þetta val.

LM: En nú áttum við báðar börn og fórum bara gamaldags leiðina. Fyrir tuttugu árum. Þá vorum við ekkert að velta því fyrir okkur hvernig það væri farið að því að eignast börn eins og sumar lessur sem sko, þær eru svo miklar lessur sko að þær mundu aldrei koma nálægt karlmönnum og hafa farið aðrar leiðir til þess að...

LS: En núna er svo allt annað uppi á teningnum. Lesbíur eru bara nokkuð margar hérna búna að fara í svona tæknisæðingu og eiga bara von á börnum eða eiga börn sko í gegnum það. Eða bara einhver hommi sem að vill eiga barn líka, það eru alls konar hlutir í gangi núna sem að voru bara ekkert, maður hafði ekki orðaforða einu sinni til þess að skoða það. Þannig að hérna þetta gerist á mjög stuttum tíma, þessi breyting og mér finnst þetta frábært. Sjálfsvitundin er mjög sterk. Ég held að þú veist, og auðvitað eiga lesbískar konur að geta farið í tæknifrjóvgun hér eins og heterosexual konur.

LM: Akkúrat.

LS: Þetta er bara fáránleg...

LM: Mun það ekki gerast?

LS: Það held ég hljóti að vera. Það er ekki spurning um hvort það er, bara hvenær. Já já það er ekki spurning, þetta er bara fólk er svo, það er erfitt að stíga skrefið virðist vera að viðurkenna það að samkynhneigð pör séu bara pör. Bara fólk, hjón og það sé bara eðlilegt að hjón vilji eignast barn. Það er bara þannig. Náttúrulegt.

LM: Það er svona næsta skref á eftir gæludýrunum sko. Þú veist gæludýr, svo börn.